

## Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms – 158 fundur

4 fundur starfsársins 2014-2015 haldinn á skrifstofu Tónlistarskólans miðvikudaginn 13 maí 2015 klukkan 11.

### 1. Skýrsla skólastjóra

#### a) Vorönnin

Prófdómari kom úr Reykjavík, 11 nemendur tóku Grunnpróf og 2 nemendur tóku miðpróf. 21 nemandi tóku próf í tónfræðigreinum.

Undanfarna daga hafa verið tónleikar og eru síðustu tónleikarnir í kvöld, alls eru haldnir 6 tónleikar.

Vortónleikar Lúðrasveitarinnar voru haldnir 23. apríl (á sumardaginn fyrsta).

Litla lúðrasveitin var með hljóðfærakynningu og tónleikar fyrir 1-4 bekk í gær og tókst það allt mjög vel. Krakkarnir mjög áhugasamir.

Opnað verður fyrir innritun fyrir næsta skólaár 20 maí og verður opið fyrir innritun til 5 júní.

Skólaslit og lokatónleikar verða 20 maí. Þar verða tveir kennarar kvaddir, Lárus Pétursson sem lætur af störfum vegna aldurs og Annetta Markvoll sem flytur aftur til Noregs.

#### b) Næsta starfsár

Búið er að gera uppkast af skóladagatali næsta starfsárs, miðað er við 35 vikur.

Stykkishólmsbær gerir að tillögu sinni að gjaldskrá verði hækkuð um 3,4%. Nefndin samþykkir 3,4 % hækkun á gjaldskrá Tónlistarskólans.

Umræða í nefndinni um að eðlilegt sé að rukka fullorðna nemendur um fullt kostnaðarverð við tónlistarnám, þ.e.a.s að skólagjöld þeirra séu ekki niðurgreidd. Nefndin leggur til við Bæjarstjórn að endurskoðað verði fyrirkomulag við tónlistarnám fullorðinna.

Gerð er krafa um niðurskurð á næsta skólaári sem nemur 1 stöðugildi a.m.k. Þessa dagana er verið að vinna í því hvernig best er að setja upp næsta skólaár með tilliti til framboðs á hljóðfæranámi.

Jóhanna er búin að senda hugmyndir til grunnskólans ( Gunnars og Berglindar) hvort hægt sé að nýta tónlistarkennara til tónmenntakennslu í grunnskólanum.

Skólanefndin ásamt skólastjóra og lúðrasveitastjóra sátu fund með bæjarritara, lögfræðingi bæjarins og nokkrum stofnfélögum lúðrasveitarinnar. Þar var gengið frá samningi þar sem eignarhald yfir Hljómskálanum var fært til Stykkishólmsbæjar.

Undirbúningsnefnd til undirbúnings skólabyggingar hefur haldið 1 fund og er annar áætlaður á föstudaginn.

Rætt var um skyldu blásturshljóðfæranemenda til setu í lúðrasveit. Nefndarmenn eru sammála um það að lúðrasveitarstarfið gæti lognast út af ef þessi regla væri ekki í gildi. Skólinn er það fámennur

Fundi slitið kl. 12:20

Helga Sveinsdóttir (sign)

María Valdimarsdóttir (sign)

Eyþór Lárentsínusson (sign)

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)